



Reykjavík, 29. febrúar 2024

SFS23110141

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð.

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

---

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um gátlista varðandi jafnrétti í leikskóla**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 12. febrúar 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Samkvæmt svari skóla- og frístundaráðs, dags. 6. febrúar 2024 (SFS23110141) er að finna jafnréttisgátlista fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundastarf á tiltekinni vefsíðu sem er hluti af vef Menntastefnu Reykjavíkur. Hvenær voru þessir gátlistar samdir og hvenær voru þeir gerðir opinberir? Hvaða viðbrögð frá stjórnendum einstakra stofnana hafa borist við þessum gátlistum, þ.e. hefur einhver endurgjöf fengist frá stjórnendum um þessa gátlista? Hver er tilgangur gátlista af þessu tagi? Sem dæmi, hvaða tilgangi þjóna spurningar fyrir stjórnendur leikskóla á borð við „[e]ru öll svæði leikskólans kynjahlutlaus“ og „[e]ru púsluspil leikskólans laus við staðalmyndir“? Eða þá spurningin hvort að „starfsfólk leikskóla sé meðvitað um að brjóta staðalmyndir af og til í samræðum við börnin t.d. spyrja hvort afi hafi þrjónað nýju peysuna eða segjast ætla að hringja í smíðakonuna og biðja hana að koma og laga hurðina?“*

#### **Svar:**

Jafnréttisgátlistar þeir sem finna má á vef Menntastefnu Reykjavíkur voru samdir á árunum 2018-2019 og settir inn á vef menntastefnunnar árið 2020. Erlendir jafnréttisgátlistar sem og innlendir gátlistar sem nýttir hafa verið í nokkrum íslenskum framhaldsskólum voru hafðir til hliðsjónar við gerð listanna. Gátlistarnir hafa tekið smávægilegum breytingum frá því sem fyrst var, í takt við breytingar á löggjöf svo sem varðandi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, sem tóku gildi í janúar 2021, og lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019.

Gátlistarnir eru hugsaðir sem verkfæri fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi til að rýna í hvernig hugað er að jafnréttismálum á starfsstaðnum/deildinni/bekknunum á einfaldan og aðgengilegan hátt. Tilgangur slíkra gátlista er m.a. að hvetja starfsfólk til að horfa gagnrýnum augum á hefðbundnar staðalmyndir sem geta verið hamlandi fyrir börn og unglinga. Gátlistarnir gegna einnig því hlutverki að gera starfsfólk meðvitað um mikilvægi þess að skapa rými þar sem öll börn upplifa að þau eigi að hafa sömu tækifæri til að láta drauma sína rætast óháð kyni, kyntjáningu, kynvitund, uppruna eða öðrum breytum sem mögulega geta ýtt undir mismunun.

Eitt af hlutverkum Jafnréttisskóla Reykjavíkur er að veita stjórnendum og starfsfólki ráðgjöf, fræðslu og stuðning varðandi jafnréttismál. Jafnréttisgátlistarnir eru eitt af þeim verkfærum sem Jafnréttisskólinn býður stjórnendum og starfsfólki að nota til aðstoðar við að uppfylla kröfur sem gerðar eru til þeirra skv. þeim lögum, reglugerðum og stefnum sem starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar er gert að fara eftir, svo sem:



**Reykjavík**



- Í aðalnámskrá leikskóla og grunnskóla segir: *Jafnréttismenntun felur meðal annars í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina kringumstæður og fordóma sem geta leitt til mismununar og forréttinda. Í skólastarfi þurfa allir að eiga hluta að málum og taka höndum saman um að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Leggja ber áherslu á að bæði stúlkur og drengir eigi sem jafnasta og víðtækasta möguleika. Hvergi í skólastarfi, hvorki í inntaki né starfsháttum, mega vera hindranir í vegi annars hvors kynsins.*
- Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar segir um jafnrétti kynja. *Markvisst skal unnið gegn allri mismunun og hamlandi áhrifum staðlaðra ímynda kynjanna. Hvetja skal börn og unglinga til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna staðalmynda.*
  - Þar kemur einnig fram að starfsfólk skal ekki ganga út frá því sem vísu að allir sem njóta þjónustu borgarinnar séu gagnkynhneigðir, síis-kynja eða eigi gagnkynhneigða eða síis-kynja foreldra. Kennarar og starfsfólk í skólum, frístundamiðstöðvum og öðru starfi með börnum og ungmennum geri fjölbreytileika mannlífisins sýnilegan í starfi sínu, til að mynda með vali á fræðslu- og afþreyingarefni sem notað er á öllum skólastigum.
- Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna segir m.a. um menntun og skólastarf:
  - *Samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal á frístundaheimilum og í íþrótt- og æskulýðsstarfi.*
  - *Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi þar sem m.a. er kennt um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks.*
  - *Öll kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.*

Stjórnendur hafa frelsi til að velja þau verkfæri sem þeir telja best til þess fallin til að ná markmiðum og til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar út frá lögum, stefnum og reglugerðum. Jafnréttisskólinn hefur fengið jákvæð viðbrögð við gátlistunum þegar þeir hafa verið kynntir í kjölfar fræðslu eða námskeiða og almennt hefur starfsfólki þótt gott að hafa þá til að styðjast við. Jafnréttisskólinn sendi gátlistann ásamt öðru stuðningsefni til stjórnenda sl. haust 2023 í kjölfar háværrar umræðu um hinsegin- og kynfræðslumál í samfélaginu sem m.a. beindust að starfssemi leikskóla. Stjórnendur eru þakklátir fyrir ábendingar um verkfæri og stuðningsefni. Hvorki hafa borist neikvæðar ábendingar né kvartanir til Jafnréttisskólans vegna gátlistanna.

